



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gera bílastæðahús meira aðlaðandi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að settur verði á laggirnar hópur til að skoða hvaða leiðir er hægt að fara til að gera bílastæðahús sem Reykjavíkurborg rekur meira aðlaðandi, öruggari og aðgengilegri. Húsin eru í dag rekin með tugi milljóna króna tapi og standa mörg þeirra allt að því auð löngum stundum. Það eru hópar fólks sem ekki treysta sér að nota bílastæðahúsin, finnst þau þröng, óaðlaðandi og finnst greiðsluferð erfitt. Enga aðstoð er hægt að fá í bílastæðahúsum ef upp koma vandamál. Fulltrúi Flokks fólksins finnst það verkefni borgarmeirihlutans að gera eitthvað í þessu. Finna þarf leiðir til að laða fleiri að bílastæðahúsum. Markmiðið er að fækka bílum á götunum. Markmiðið er einnig að laða fleiri hópa í bæinn, þá sem búa í efri byggðum og landsbyggðarfólk. Miðbærinn er okkar allra en ekki aðeins fyrir ferðamenn eða þá sem þar búa. Þeir eru til sem finnast göngugötur hafa fælingarmátt vegna þess að aðgengi að þeim er erfitt. Það gæti öllum þótt gaman að komast á göngugötu, setjast niður og fá sér kaffi eða mat á góðum degi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 29. nóvember 2023.

Umsögn:

Á fundi borgarráðs þann 16. nóvember 2023 var lögð fram tillaga borgarstjóra dags. 14. nóvember 2023 varðandi skýrslu starfshóps um betri rekstur og afkomu bílahúsa Bílastæðasjóðs og tillögur starfshópsins. Voru þar samþykktar ýmsar tillögur um bílahús borgarinnar sem eiga að stuðla að betri nýtingu og afkomu bílahúsanna. Reykjavíkurborg stefnir að því að auka nýtingu bílahúsanna og er sífellt verið að leita leiða til að auka nýtingu þeirra og gera þau meira aðlaðandi fyrir borgarbúa.

Virðingarfyllst,



Reykjavíkurborg

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri